

Nd. **88. Frumvarp til laga** [80. mál]
um hækkun á bótum almannatrygginganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Bætur samkv. lögum nr. 24/1956 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13/1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86/1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, lög nr. 95/1961, um hækkun á bótum almannatrygginganna og lög nr. 89/1962, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 15% frá 1. júlí 1963.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, hækka um 15%.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða hækkun þá á bótum á árinu 1963, sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1963.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Svo sem kunnugt er hafa orðið almennar launahækkningar í landinu á yfirstandandi ári. Almenn verkalaun hækkuðu um 5% frá 23. janúar s. l. og aftur um 7.5% frá 23. júní s. l., eða launahækkun samtals 12.875% frá 23. júní s. l. Það verður ekki hjá því kominu að hækka bætur almannatrygginganna til samræmis við almennar launahækkningar, svo sem ætíð hefur tíðkast þegar þær hafa orðið. Lagt er til í 1. gr., að bæturnar verði hækkaðar um 15% frá 1. júlí s. l., en það lætur nærri að bótaþegar fái þá hlutfallslega sömu hækkun á árinu eins og almennir launþegar hljóta. Í greininni eru fjölskyldubætur undanteknar þessari hækkun, Segja má, að fjölskyldubætur hafi lík áhrif og persónufrádráttur, sem veittur er vegna barna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Í því sambandi má benda á það, að í Danmörku og Svíþjóð er enginn persónufrádráttur veittur vegna barna, en þess í stað eru veittar jafnháar fjölskyldubætur með öllum börnum og eru ekki lagðir skattar á þær. Ákvæðin um persónufrádrátt eru nú í athugun hjá ríkisstjórninni. Með hliðsjón af því þykir ekki rétt að hækka upphæð fjölskyldubóta að svo stöddu, því síður sem gera má ráð fyrir að persónufrádráttur verði hækkaður allverulega.

Nýju lög in um almannatryggingar, nr. 40/1963, koma ekki til framkvæmda fyrr en um n.k. áramót. Verður því að miða hækkun bóttanna á þessu ári við ákvæði þau, sem nú gilda, eins og gert er í fyrri málsgrein. Síðari málsgrein fjallar um hækkun bóttanna frá áramótum og er þá miðað við lög nr. 40/1963, sem koma í gildi 1. janúar 1964.

Ef um frekari launahækkningar verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bóttanna, þegar þær launahækkningar liggja fyrir.

Um kostnað vegna þeirra hækkana bóta, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, vísast til fylgiskjals, sem fylgir frumvarpinu.

Um 2.—3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Áætluð útgjaldaaukning almannatrygginga á tímabilinu 1/7 1963 til 31/12 1964, miðað við 15% hækkun bóta, annarra en fjölskyldubóta.

A. Lífeyrstryggingar.

1. Ellilífeyrir	58.8 millj. kr.
2. Örorkulífeyrir og örorkustyrkur	15.5 — —
3. Aðrar bætur	14.7 — —
4. Tillag til varasjóðs	1.8 — —
Samtals	90.8 millj. kr.

Af ofangreindum útgjöldum mundu 27.8 millj. kr. vera vegna ársins 1963, en 63.0 millj. kr. vegna ársins 1964.

Útgjaldaaukning skiptist þannig á aðila:

Ríkissjóður	32.7 millj. kr.
Hinir tryggðu	29.1 — —
Sveitarsjóðir	16.3 — —
Atvinnurekendur	12.7 — —
Samtals	90.8 millj. kr.

B. Slysafryggingar.

Áætla má aukningu ársútgjalda slysafrygginga 3.5 millj. kr Þegar undan er skilin iðgjaldahækkun vegna hækkunar dánarbóta lögskráðra sjómanna árið 1959, hafa iðgjaldabreytingar ekki átt sér stað síðan í árslok 1957. Um þessar mundir er unnið að endurskoðun iðgjalda, og verður niðurstaða hennar án efa veruleg iðgjaldahækkun. Hefur 15% hækkun bóta í för með sér a. m. k. 15% hækkun iðgjalda umfram það, sem ella hefði orðið.

C. Sjúkratryggingar.

Miðað við 15% hækkun sjúkradagpeninga, má áætla útgjaldaaukningu sjúkrasamlaga árið 1964 2.3 millj. kr., er skiptast þannig á aðila:

Ríkissjóður	1.0 millj. kr.
Hinir tryggðu	0.9 — —
Sveitarsjóðir	0.4 — —

Samtals 2.3 mill. kr.
